

Til bæjarstjóra

Efni: Fyrirspurn um tengda aðila samkvæmt skýringu 22 í ársreikningi Garðabæjar 2014

Í framhaldi af framlagningu ársreiknings Garðabæjar árið 2014 á fundi bæjarráðs 31. mars 2015 lagði bæjarfulltrúi María Grétarsdóttir fram eftirfarandi fyrirspurn.

Ársreikningur, skýring 22 - tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila. Á árinu náðu viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Óskað er eftir heildaryfirliti yfir viðskipti Garðabæjar við fyrirtæki í eigu eða undir stjórn tengdra aðila á árinu 2014.